

Upplýsingaskýlda undir PRB	GRI vísir	Upplýsingaskýlda
----------------------------	-----------	------------------

1,1	Lýsið viðskiptalífkani bankans, þ.m.t. helstu viðskiptavinahópum, helstu vörum og þjónustu, helstu atvinnugreinum og starfsemi, og þar sem við á, helstu tækni sem bankinn fjármagnar á því landsvæði sem bankinn starfar eða veitir vörur og þjónustu.	102-1	Heiti fyrirtækis	Landsbankans hf.
		102-2	Helsta starfsemi, vörumerki, vörur og/eða þjónusta	Sjá GRI 102-2 í GRI Standards tilvísanatöflu
		102-3	Staðsetning höfuðstöðva	Austurstræti 11, 155
		102-4	Staðsetning starfsemi	Landsbankinn rekur enga starfsemi utan Íslands.
		102-6	Starfssvæði	Sjá GRI 102-6 í GRI Standards tilvísanatöflu
		102-7	Stærð/umfang fyrirtækis	Sjá viðauka við GRI Standards tilvísanatöflu, bls. 3
1,2	Lýsið því hvernig bankinn hefur og/eða ætlar sér að aðlaga stefnu sína að og leggja sitt af mörkum til að ná markmiðum samfélagsins, eins og þau eru skilgreind í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, Parísarsamkomulaginu og viðeigandi landslögum og -reglum	102-14	Yfirlýsing frá háttsettum stjórnanda	Ávarp formanns bankaráðs
				Ávarp bankastjóra

2,1	<p>Áhrifagreining: Útskýrið hvernig bankinn hefur beitt áhrifagreiningu til að auðkenna þau svið þar sem hann getur haft mest (möguleg) áhrif, bæði jákvæð og neikvæð. Áhrifagreiningin þarf að taka til eftirfarandi þátta:</p> <p>A) Áhrif: Greiningin tók til kjarnastarfsemi bankans og vara/þjónustu á helstu landsvæðum þar sem bankinn starfar og sem gerð var grein fyrir í lið 1.1.</p> <p>b) Áhrifasvið: Við greiningu á þeim sviðum þar sem bankinn getur haft einna mest áhrif hefur verið tekið tillit til staðsetningu útibúa/afgreiðslustöðva, atvinnugreinaskiptingu viðskiptavina og tæknimála.</p> <p>c) Samhengi og mikilvægi: Bankinn hefur tekið tillit til mikilvægustu áskorana og verkefni í sjálfbærniþróun á starfssvæði sínu.</p> <p>d) Umfang og mikilvægi áhrifa: Við greiningu á sviðum þar sem bankinn getur haft mest áhrif hefur bankinn metið umfang og mikilvægi (mögulegra) félagslegra, hagrænna og umhverfislegra áhrifa starfsemi sinnar og af vörum og þjónustu.</p> <p>(Bankinn skal byggja greiningu sína á samráði við viðeigandi hagsmunaaðila við vinnu að c) og d).</p> <p>Sýnið að bankinn hafi notað greininguna til að finna og upplýsa um mikilvægustu (mögulegu) áhrifin, bæði jákvæð og neikvæð.</p> <p>Sýnið að bankinn hafi notað greininguna til að greina góð viðskiptatækifæri í tengslum við að hámarka jákvæð áhrif / draga úr neikvæðum áhrifum</p>	102-15	Helstu áhrif, áhættur og tækifæri	Ávarp formanns bankaráðs
		102-15	Helstu áhrif, áhættur og tækifæri	Ávarp bankastjóra
		102-15	Helstu áhrif, áhættur og tækifæri	Sjá kafla um Markmið í Samfélagsskýrslu Landsbankans 2019, greining á helstu áhrif starfsemi Landsbankans var ekki uppfærð árið 2020, farið var yfir 2019 greiningu og metið að stórvægilegar breytingar hefðu ekki átt sér stað á milli ára.

2,2	<p>Sýnið fram á að bankinn hafi sett sér og greint opinberlega frá a.m.k. tveimur skilgreindum, mælanlegum (hvort sem er á eigindlegan eða megindlegan hátt), raunhæfum og tímasettum markmiðum þar sem unnið er a.m.k. að tveimur af þeim sviðum þar sem hann getur haft mest áhrif í gegnum starfsemi sína og í gegnum vörur og þjónustu.</p> <p>Sýna að markmiðin tengist og ýti undir framgang vinnu að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, markmið Parísarsamkomulagsins og önnur viðeigandi alþjóðleg eða staðbundin viðmið. Bankinn skal marka sér grundvallar tímalínu (miðað við ákveðið ár) og setja sér markmið á þeim grunni.</p> <p>Sýna að bankinn hafi greint og viðurkennt mikilvæg (möguleg) neikvæð áhrif af settum markmiðum á aðrar hliðar heimsmarkmiða SP/loftslagsaðgerða/samfélagsmarkmiða og að hann hyggist grípa til viðeigandi ráðstafa til að hámarka eins og mögulegt er heildar jákvæð áhrif settra markmiða.</p>			<p>Meta losunarumfang lána- og eignasafns Landsbankans.</p> <p>Markmið eins og það var sett fram í árslok 2019:</p> <p>Markmið sett til fjögurra ára, þ.e. að í samfélagsskýrslu bankans fyrir árið 2023 (sem birtist í ársbyrjun 2024) birtist upplýsingar um losunarumfang lána- og eignasafns Landsbankans.</p> <p>Þetta markmið verður unnið í gegnum aðild að PCAF-loftslagsmælinum. Það er flókið og vandasamt verkefni að kortleggja kolefnislosun lána- og eignasafnsins. Þróun PCAF-loftslagsmælisins miðar að því að gera bönkum kleift að mæla þessa losun á vísindalegan og samræmanlegan hátt. Staða markmiðs í árslok 2020: Fyrsta útgáfa PCAF Standard loftslagsmælisins kom út í nóvember 2020. Unnið er að því að mæla lána- og eignasafn bankans samkvæmt þessari útgáfu og stefnt að því að birta niðurstöður þeirrar mælingar fyrir lok þriðja ársfjórðungs 2021.</p>
2,3	<p>Áætlanir til að koma markmiðum í verk og eftirlit</p> <p>Sýna að bankinn hefur skilgreint aðgerðir og viðmið til að ná settum markmiðum.</p> <p>Sýna að bankinn hafi bæði aðferðir til að mæla og hafa eftirlit með framvindu að settum markmiðum. Skilgreiningar á helstu frammistöðuvísimum, hvers konar breytingar á skilgreiningunum og breytingar á grundvallar tímalínum skal vera gagnsæ.</p>			<p><u>Þróa græn útlán.</u></p> <p><u>Markmið eins og það var sett fram í árslok 2019:</u></p> <p><u>Markmiðið er að útbúa grænan lánaramma árið 2020 og skilgreina út frá honum hvað sé raunhæft að gera ráð fyrir að há upphæð lánasafnsins verði í grænum útlánum árið 2025.</u></p> <p><u>Niðurstöður verða birtar í samfélagsskýrslu Landsbankans fyrir árið 2020 sem kemur út í ársbyrjun 2021.</u></p> <p><u>Staða markmiðs í árslok 2020:</u></p> <p><u>Fljótlega varð ljóst að það sem vantaði var sjálfbær fjármálaumgjörð fyrir Landsbankann og vann þverfaglegur hópur innan bankans að því að búa hana til árið 2020 og var hún gefin út í janúar 2021. Umgjörðin er vottuð af alþjóðlega matsfyrirtækinu Sustainalytics og skilgreinir með skýrum hætti hvaða verkefni stuðala að sjálfbærni og tryggir gagnsæi. Um 30% af útlánasafni bankans fellur nú þegar undir umgjörðina.</u></p> <p><u>Það má segja að þetta markmið hafi úrelst með tilkomu sjálfbærrar fjármálaumgjardar bankans og þarfnast endurskoðunar árið 2021.</u></p> <p><u>Nýtt og uppfært markmið verður birt í sjálfbærnisráðgjafni bankans fyrir árið 2021 sem kemur út í ársbyrjun 2022.</u></p>

2,4	<p>Framvinda við vinnu að markmiðum</p> <p>Fyrir hvert markmið skal:</p> <p>Sýna að bankinn hafi framkvæmt þær aðgerðir sem ráðast átti í til að ná settum markmiðum.</p> <p>Ef ekki, útskýra hvað olli því að ekki var ráðist í aðgerðir eða fyrirhuguðum aðgerðum breytt og þá hvernig bankinn hefur aðlagð áætlun sína til að ná settum markmiðum.</p> <p>Greinið frá árangri bankans á 12 mánaða tímabili (18 mánuðir fyrir fyrstu skýrslu nýrra meðlima) við vinnu að settum markmiðum og áhrifum sem framvinnan hefur haft (þar sem það er viðeigandi og verður komið við, skulu talnagögn fylgja).</p>			<p>Vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.</p> <p>Bankinn hefur unnið að þessu markmiði í gegnum jafnréttisvinnu sína undanfarin ár með því að stefna að því að hlutur hvors kyns í forystusveit bankans verði aldrei minni en 40%. Framkvæmdastjórn bankans er innan þessara viðmiða og skal frekari vinna miða að því að bæta kynjahlutfall á öðrum sviðum og viðhanlaða þeim góða árangri sem hefur náðst.</p> <p>Nánar má lesa um þróun þessa málaflokks árið 2020 í kaflanum Mannauður og jafnrétti.</p>
3,1	<p>Yfirlit yfir stefnur og verkferla sem bankinn hefur markað og/eða ætlar að setja sér til að efla ábyrg viðskiptasambönd. Hér skal greina frá helstu upplýsingum um verkefni og aðgerðir sem farið hefur verið í (og/eða eru á dagskrá), umfang þeirra og, þar sem við á, niðurstöður.</p>			<p>Upplýsingar um fræðslu starfsfólks má finna í kaflanum Mannauður og jafnrétti. hluti fræðslunnar er skyldufræðsla.</p>
3,2	<p>Lýsið vinnu bankans og/eða áformum um samstarf við viðskiptavini sem miðar að því að efla sjálfbær vinnubrögð og sjálfbærni í hagkerfinu. Nefnið aðgerðir sem gripið hefur verið til/eru á dagskrá, vörur og þjónusta og, þar sem við á, niðurstöður.</p>			<p>Einnig má finna upplýsingar um skyldufræðslu fyrir allt starfsfólk um ráðstafanir gegn spillingu og misferli á bls. 6 í Viðauka við GRI Standards tilvísunartöflu.</p>
4,1	<p>Lýsið þeim hagsmunaaðilum (eða hópum/gerðum hagsmunaaðila) sem bankinn hefur haft samráð við, virkjað eða unnið með í þeim tilgangi að hrinda viðmiðunum í framkvæmd og auka jákvæð áhrif bankans. Hér skal veita yfirlit yfir helstu upplýsingar um verkefni og aðgerðir sem farið hefur verið í (og/eða eru á dagskrá), umfang þeirra og, þar sem við á, niðurstöður.</p>	102-40	Listi yfir hagsmunaaðila	Listi yfir hagsmunaaðila er sá sami og við undirbúningsvinnu markmiðanna árið 2019.
		102-42	Greining og val hagsmunaaðila	Sjá umfjöllun um aðferðarfræði í markmiðakaflanum 2019.
		102-43	Aðkoma hagsmunaaðila - nálgun	Sjá umfjöllun um aðferðarfræði í markmiðakaflanum 2019.
		102-44	Helstu atriði og málefni	Sjá umfjöllun um aðferðarfræði í markmiðakaflanum 2019.
5,1	<p>Lýsið viðeigandi stjórnarháttum, stefnum og verkferlum sem bankinn hefur innleitt/áætlað að innleiða til að stýra mikilvægum (mögulegum) áhrifum, bæði jákvæðum og neikvæðum, og til að stuðla að skipulegri innleiðingu viðmiðanna.</p>	102-18	Stjórnskipulag	Sjá Stjórnarháttayfirlýsingu Landsbankans fyrir árið 2020
		102-19	Framsal valds	Sjá Stjórnarháttayfirlýsingu Landsbankans fyrir árið 2020
		102-20C28:E31A1C28:E30C28:E34C28:E32C28:E33C28:E34C28:E32C28:E31C28:E29	Ábyrgð á UFS-þáttum á hæsta stjórnunarstigi	Bankaráð er ábyrgt fyrir stefnu Landsbankans í samfélagsábyrgð, bankastjóri fyrir framkvæmdinni og Mannauður sér um innleiðingu ásamt framkvæmdastjórn hvers sviðs. Innan Mannauðs starfa tveir sérfræðingar í sjálfbærni.
				Stefna í samfélagsábyrgð
		102-22	Samsetning stjórnar og undirnefnda	Sjá Stjórnarháttayfirlýsingu Landsbankans fyrir árið 2020
		102-27	Heildarþekking stjórnar	Sjá Stjórnarháttayfirlýsingu Landsbankans fyrir árið 2020
				Starfsreglur bankaráðs

5,2	Lýsið verkefnum og ráðstöfunum sem bankinn hefur innleitt/áætlað að innleiða til að rækta fyrirtækjamenningu ábyrgðar bankastarfsemi meðal starfsmanna. Hér skal m.a. geta eflingar þekkingar meðal stjórnenda, atriða í starfskjarastefnu, við árangursstjórnun og upplýsingamiðlunar stjórnenda.	102-16	Gildi, viðmið og almennt viðtekin hegðun	Reglur og skilmálar Landsbankans
		102-26	Þáttur stjórnar í stefnumótun og þróun gilda og markmiða	Sjá Stjórnarháttayfirlýsingu Landsbankans fyrir árið 2020
		102-35	Starfskjarastefnur	Starfskjaranefnd
				Ársreikningur - Skýringar við samstæðuársreikning
5,3	Stjórnskipulag við innleiðingu viðmiðanna Sýnið að í bankanum sé við lýði stjórnskipulag sem styður innleiðingu PRB, þ.m.t.: a) markmið og aðgerðir til að ná settum markmiðum b) aðgerðir til úrbóta þegar markmiðum eða áföngum er ekki náð eða óvænt neikvæð áhrif greinast			Markmið voru sett árið 2019 og eru endurskoðuð árlega. Þegar markmiðum er ekki náð eða ljóst að þau þarfnast endurskoðunar þá kemur það í ljós við árlega endurskoðun þeirra og er þeirri vinnu miðlað í gegnum árlega sjálfbæriskýrslu Landsbankans.

6,1	Árangur í innleiðingu viðmiða um ábyrga bankastarfsemi Sýnið árangur bankans við innleiðingu á viðmiðunum sex á næstliðnu 12 mánaða tímabili (18 mánaða tímabil ef um fyrstu skýrslu nýrra meðlima er að ræða), auk markmiðasetningar og innleiðingu markmiða á minnst tveimur sviðum (sjá 2.1-2.4). Sýnið að bankinn hafi tekið tillit til núverandi og nýrra alþjóðlegra/svæðisbundinna góðra starfshátta sem eiga við um innleiðingu sex viðmiða um ábyrga bankastarfsemi. Bankinn hefur haft hliðsjón af slíkum atriðum við stefnumótun og fyrirætlanir um að aðlaga starfsemi að góðum starfsháttum. Sýnið að bankinn hafi innleitt/vinni að innleiðingu breytinga á núverandi starfsháttum til að aðlagast og vinna samkvæmt núverandi og nýjum alþjóðlegum/svæðisbundnum góðum starfsháttum og hafi náð árangri í innleiðingu viðmiðanna.			Landsbankinn er þátttakandi í vinnu við að þróa aðferðarfræði PCAF loftlagsmælisins fyrir fjármálafyrirtæki. Nú er hafin vinna við að mæla lána- og eignasafn bankans út frá PCAF Standard loftlagsmælinum sem kom út í nóvember 2020. Markmiðið er að komast að því hver losun lána- og eignasafnsins er til þess að geta svo í kjölfarið gripið til aðgerða til að minnka þá losun í gegnum vöruframboð bankans og aðrar leiðir sem Landsbankinn hefur. Einnig hefur Landsbankinn ákveðið að innleiða TCFD til þess að skilja loftlagsáhættu bankans, verður þeim niðurstöðum miðlað árlega.
-----	---	--	--	--

Skilið einnig inn niðurstöðum/yfirlýsingu bankans ef skilyrðum við framgang innleiðingar viðmiða um ábyrga bankastarfsemi hefur verið mætt.

Landsbankinn heldur áfram sjálfbærnivegferð sinni sem hófst fyrir rúmlega áratug. Viðmið um ábyrga bankastarfsemi hjálpa bankanum að vinna af enn meiri staðfestu að markmiðum okkar, sérstaklega hvað varðar að mæla losun lána- og eignasafns bankans. Landsbankinn var þegar þátttakandi í ýmsum verkefnum sem vinna að sjálfbærni og hefur þátttaka bankans í PRB hjálpað honum að skilgreina enn frekar hvar sé mikilvægt fyrir bankann að einbeita sér. Hefur niðurstaðan verið sú að mikilvægast sé að komast að hver sé losun lána- og eignasafns bankans svo hægt sé að vinna að minni losun þar í gegnum vörur bankans. Þær má svo þróa með sjálfbærri fjármálaumgjörð bankans sem er þegar komin út en hún var unnin árið 2020.